

Nd.

383. Frumvarp til laga

[191. mál]

um aðgerðir í atvinnumálum.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968—69.)

1. gr.

Í hverju kjördæmi landsins skal vera ein atvinnumálanefnd nema í Norðurlandskjördæmi vestra og Norðurlandskjördæmi eystra, þar sem vera skal ein sameiginleg nefnd. Hver nefnd skal skipuð 3 mönnum völdum af Vinnuveitendasambandi Íslands, 3 völdum af Alþýðusambandi Íslands og 2 völdum af ríkisstjórn Íslands, og er annar þeirra formaður nefndarinnar.

2. gr.

Hlutverk atvinnumálanefndanna skal vera að fylgjast sem bezt með atvinnuástandi og þróun atvinnumála á starfssvæði hvernar nefndar og gera tillögur til Atvinnumálanefndar ríkisins um eflingu atvinnulífsins og aukningu atvinnu. Auk þess gegna nefndirnar því hlutverki í sambandi við veitingu lána og styrkja, sem nánar getur í 5. gr.

3. gr.

Atvinnumálanefnd ríkisins skal skipuð 9 mönnum. Skulu 3 valdir af Vinnuveitendasambandi Íslands, 3 af Alþýðusambandi Íslands og 3 af ríkisstjórn Íslands, og skipar hún einn þeirra formann nefndarinnar.

4. gr.

Atvinnumálanefnd ríkisins skal hafa með höndum athugun á öllum skýrslum og tillögum, sem henni berast frá atvinnumálanefndum kjördæmanna, og skal á grundvelli þeirra eða að eigin frumkvæði taka ákvarðanir um úrbætur í atvinnumálum eftir því, sem á hennar valdi er, og gera tillögur til ríkisstjórnarinnar, fjárfestingarsjóða, annarra lánastofnana og annarra aðila, er hlut kunna að eiga að máli, í þeim tilgangi að útrýma atvinnuleysi og efla heilbrigðan atvinnurekstur, svo að atvinna sé betur tryggð í landinu í framtíðinni.

5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán að upphæð 300 milljónir króna, eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til atvinnuaukningar og eflingar atvinnulífs í landinu. Féð skal vera í umsjá Atvinnuþróunarsjóðs, er annast fyrirgreiðslu þess samkvæmt reglum, sem um það eru settar af Atvinnumálanefnd ríkisins.

Verja skal fénu samkvæmt ákvörðunum Atvinnumálanefndar ríkisins til lána og styrkja til atvinnuframkvæmda, er að öðru jöfnu leiða til sem mestrar atvinnuaukningar og eru jafnframt arðbærar, en geta ekki fengið nægilegt fjármagn frá fjárfestingarsjóðum og öðrum lánastofnunum. Við veitingu lána og styrkja til atvinnufyrirtækja skal einnig hafa í huga hagkvæmni í uppbyggingu hinna einstöku atvinnugreina. Heimilt skal að veita styrki til greiðslu tæknilegra athugana og undirbúnings framkvæmda og í sérstökum öðrum tilvikum, sem nánar er kveðið á um í starfsreglum nefndarinnar. Styrkveitingar og lánskjör skulu háð samþykki allra nefndarmanna, þeirra er fund sækja, þegar ákvarðanir eru teknar.

Atvinnumálanefndir kjördæmanna geta átt frumkvæði að því að hvetja fyrirtæki eða sveitarfélög til að sækja um lán eða styrki og veitt aðstoð við undirbúning umsókna. Áður en Atvinnumálanefnd ríkisins tekur ákvarðanir um lánveitingar eða styrki, skal ávalt leitað álits hlutaðeigandi kjördæmanefndar. Eigi skal Atvinnumálanefnd ríkisins samþykkja veitingu láns eða styrks, ef fyrir liggur neikvæð umsögn kjördæmanefndar.

Atvinnumálanefnd ríkisins setur sér nánari starfsreglur, þar á meðal um veitingu lána eða styrkja.

6. gr.

Starfstími atvinnumálanefnda í kjördæmum og Atvinnumálanefndar ríkisins skal vera til ársloka 1970. Þá skulu óinnheimtar skuldir vegna lána- og styrkjastarfsemi samkvæmt lögum þessum svo og eignir í skuldabréfum og reiðufé falla til Atvinnuþróunarsjóðs, enda ber hann ábyrgð á innheimtu skuldanna og endurgreiðslu þess lánsfjár, sem aflað hefur verið samkvæmt 5. gr. laga þessara.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ríkisstjórn Íslands, samtök vinnuveitenda og miðstjórn Alþýðusambands Íslands gerðu með sér samkomulag 17. janúar 1969 um aðgerðir í atvinnumálum. Með frumvarpi þessu er stefnt að því að veita ríkisstjórninni heimild til fjáröflunar vegna samkomulagsins og lögfesta þau atriði þess, sem fjalla um skipun atvinnumálanefndanna og úthlutun lánsfjár, auk þess sem tekin eru upp í frumvarpið tiltekin atriði úr starfsreglum atvinnumálanefnda, sem settar voru á atvinnu- málaráðstefnu 27.—29. janúar 1969.

Um 1.—4. gr.

Ákvæði þessara greina eru í samræmi við 1. til 4. tölulið samkomulagsins frá 17. janúar 1969.

Um 5. gr.

Ákvæði 1., 2. og 4. málsgr. svara efnislega til 5. tölul. fyrrgreinds samkomulags. Í 3. málsgr. eru tekin upp atriði úr 4. málsgr. 2. tölul. og 8. tölul. starfsreglna atvinnumálanefndanna frá 27.—29. janúar 1969. Gert er ráð fyrir, að lántökuheimildin verði að nokkru notuð til að taka erlent lán, þó ekki yfir 200 millj. króna og að nokkru til að taka innlent lán.

Um 6. gr.

Hér eru tekin upp atriði úr 6. tölul. samkomulagsins og við bætt nánari ákvæðum um skyldur Atvinnuþjófnumarsjóðs.

Hér með fylgir samkomulag um aðgerðir í atvinnumálum, dags. 17. janúar 1969, og starfsreglur atvinnumálanefnda, settar á atvinnumálaráðstefnu 27.—29. janúar 1969.

Fylgiskjal I.

Samkomulag um aðgerðir í atvinnumálum.

Ríkisstjórnin, undirrituð samtök vinnuveitenda og miðstjórn Alþýðusambands Íslands lýsa sameiginlega yfir eftirfarandi:

1. Stofna skal atvinnumálanefndir, eina í hverju kjördæmi landsins nema í Norðurlandskjördæmi vestra og Norðurlandskjöræmi eystra, þar sem ein sameiginleg nefnd skal stofnuð. Skal hver nefnd skipuð 3 mönnum völdum af Vinnuveitendasambandi Íslands, 3 völdum af Alþýðusambandi Íslands og 2 völdum af ríkisstjórninni, og er annar þeirra formaður nefndarinnar.
2. Hlutverk atvinnumálanefndanna skal vera að fylgjast sem best með atvinnuástandi og þróun atvinnumála á starfssvæði hvers nefndar og gera tillögur til Atvinnumálanefndar ríkisins um eflingu atvinnulífsins og aukningu atvinnu. Í þeim tilgangi að ná sem skjótustum árangri af starfi atvinnumálanefndanna til útrýmingar atvinnuleysi, skulu þær kallaðar til sameiginlegs fundar í Reykjavík, þegar er þær hafa verið skipaðar.
3. Stofnuð skal Atvinnumálanefnd ríkisins, er skal skipuð 9 mönnum. Skulu 3 valdir af Vinnuveitendasambandi Íslands, 3 af Alþýðusambandi Íslands og 3 af ríkisstjórninni, og skipar hún einn þeirra formann nefndarinnar.
4. Atvinnumálanefnd ríkisins skal hafa með höndum athugun á öllum skýrslum og tillögum, sem henni berast frá atvinnumálanefndum kjördæmanna, og skal á grundvelli þeirra eða að eigin frunkvæði taka ákvarðanir um úrbætur í atvinnumálum eftir því, sem á hennar valdi er, og gera tillögur til ríkisstjórnarinnar, fjárfestingarsjóða, annarra lánastofnana og annarra aðila, er hlut kunna að eiga að máli, í þeim tilgangi að útrýma því atvinnuleysi, sem nú hefur orðið, og efla heilbrigðan atvinnurekstur svo að atvinna sé betur tryggð í landinu í framtíðinni. Um sinn skal Atvinnumálanefnd ríkisins fyrst og fremst miða tillögur sínar og ákvarðanir við það, að sem fyllst nýting fái á þeim atvinnutækjum, sem fyrir hendi eru í landinu.
5. Ríkisstjórnin beitir sér nú þegar fyrir öflun fjármagns að upphæð 300 m.kr. til atvinnuaukningar og eflingar atvinnulífs í landinu, og skal Atvinnuþjófnumarsjóður samkvæmt ákvörðunum Atvinnumálanefndar ríkisins verja þessu fé til lána til atvinnuframkvæmda, er að öðru jöfnu leiða til sem mestrar atvinnuaukningar og eru jafnframt arðbærar, en geta ekki fengið nægilegt fjármagn frá fjárfestingarsjóðum og öðrum lánastofnunum. Við veitingu lána og styrkja til atvinnufyrirtækja skal einnig hafa í huga hagkvæmni í uppbyggingu

kinna einstöku atvinnugreina. Heimilt skal að veita styrki til greiðslu tækni-
legra athugana og undirbúnings og í sérstökum öðrum tilvikum, sem nánar
verður kveðið á um í starfsreglum nefndarinnar. Styrkveitingar og lánskjör
skulu háð samþykki allra nefndarmanna, þeirra er fund sækja, þegar ákvarð-
anir eru teknar. Nefndin setur sér hið fyrsta nánari starfsreglur, þar á meðal
um veitingu lána og styrkja.

6. Starfstími Atvinnumálanefndar ríkisins skal vera til ársloka 1970 og skulu þá
skuldir vegna lána- og styrkjastarfsemi nefndarinnar svo og eignir í skuldabréf-
um og reiðufé teljast til Atvinnujöfnunarsjóðs.
7. Aðilar þessa samkomulags eru sammála um nauðsyn þess að stuðla að aukningu
atvinnu og eflingu atvinnulífsins með því að tryggja atvinnuvegunum nægilegt
rekstrarfé, stuðla að sem beztri hagnýtingu framleiðslugetu höfuðatvinnuveg-
anna og vinna að nýtingu orkulinda landsins og þróun nýrra atvinnugreina. Með-
al þeirra aðgerða, sem þýðingarmiklar eru í þessu skyni, telja aðilarnir auk-
ningu rekstrarlána, þar á meðal framleiðslu- og samkeppnislána til iðnaðarins,
útgerð togara og báta, sem legið hafa í höfnum, framkvæmd skipavíðgerða og
nýsmíði skipa innanlands og aðrar ráðstafanir til að auka hlutdeild iðnaðarins
í innlendum markaði og útflutningi. Mun Atvinnumálanefnd ríkisins fjalla
um þessi atriði og eftir atvikum gera um þau tillögur til ríkisstjórnarinnar.
8. Þá eru aðilar þessa samkomulags sammála um, að gera þurfi sérstakar ráð-
stafanir til að afla fjármagns til Byggingarsjóðs ríkisins til að flýta fyrir bygg-
ingu þeirra íbúða, sem nú eru í smíðum, og að leita verði Byggingarsjóði nýrra
tekjustofna.

17. janúar 1969.

Fylgiskjal II.

Starfsreglur atvinnumálanefndar.

Settar á atvinnumálaráðstefnu, 27.—29. janúar 1969.

1. Umsóknir um lán og styrki.

a. Atvinnufyrirtæki:

Nota skal eyðublað Atvinnujöfnunarsjóðs fyrir umsóknir atvinnufyrirtækja
um lán. Þetta eyðublað skal einnig nota fyrir styrkumsóknir eftir því, sem
við á. Viðbótarupplýsinga skal aflað á sérstöku eyðublaði um eftirtalin atriði:

1. Mannafla, er starfar hjá fyrirtækinu. Bæði þann mannafla, sem starfandi
er við fyrirtækið nú, og þann mannafla, er starfandi yrði að loknum þeim
framkvæmdum, sem ráðgerðar eru. Gerð væri grein fyrir skiptingu mann-
afla eftir kyni og aðalstarfsgreinum (verkamenn, iðnverkamenn, iðnaðar-
menn o. s. frv.).
2. Hvenær framkvæmdir gætu hafizt og hvenær þeim mundi lokið, eða áhrif
aðstoðarinnar á atvinnu með öðrum hætti myndu koma fram.

Umsóknir sendist Atvinnumálanefnd ríkisins, c/o Efnahagsstofnunin,
Laugavegi 13, Reykjavík. Jafnframt skal afrit af umsókninni sent formanni
atvinnumálanefndar hlutaðeigandi kjördæmis. Einnig geta formenn atvinnu-
málanefnda kjördæmanna tekið við umsóknum og komi þeim áleiðis til At-
vinnumálanefndar ríkisins. Þýðingarmikið er þó, að umsóknir berist sem fyrst,
þannig að þær teyfist ekki hjá einstökum kjördæmanefndum. Með umsóknir
verður farið sem trúnaðarmál.

b. Opinberar framkvæmdir:

Ekki skal nota sérstakt eyðublað vegna umsókna um opinberar framkvæmdir,
heldur skrifa bréf varðandi þær hverju sinni. Sendist bréfið Atvinnumála-

nefnd ríkisins en afrit formanni hlutaðeigandi kjördæmanefndar. Upplýsing-
um um þessar framkvæmdir skal síðan aflað hjá hlutaðeigandi ríkisstofnun,
eða sveitarfélagi, og sér Efnahagsstofnunin um það.

2. Athuganir umsókna.

Athuganir umsókna um lán og styrki til atvinnufyrirtækja verða framkvæmdar af starfsmönnum Atvinnuþrófnunarsjóðs eða Framkvæmdasjóðs. Efnahagsstofnunin sér um, að umsóknirnar berist til þeirra og ræðir við þá um tilhögun athugunarinnar eftir því, sem ástæða er til. Starfsmennirnir framkvæma athuganirnar sjálfir eða fela þær eða einstaka þætti þeirra öðrum aðilum, eftir því, sem efni standa til. Athuganirnar skulu einkum beinast að því að gera sér grein fyrir áhrifum framkvæmdanna á atvinnuástandið á staðnum, að gera sér grein fyrir því, hvort framkvæmdirnar séu arðbærar, þannig að þær geti staðið undir þeim lánum, sem á þeim mundu hvíla, og hvort unnt sé að afla til þeirra fjár eftir venjulegum leiðum hjá bönkum, fjárfestingarlánasjóðum eða öðrum aðilum. Þá skal athuga, hvort fjárhagsleg uppbygging fyrirtækisins sé slík, að rekstur þess geti orðið með eðlilegum hætti. Athuganir beinist einnig að því, hversu tryggjan markað afurðir fyrirtækisins eiga og hvernig uppbyggingu hlutaðeigandi greinar er háttað.

Athuganir á opinberum framkvæmdum skulu fara fram í þeirri deild Efnahagsstofnunarinnar, sem fjallar um opinberar framkvæmdir, í samráði við hlutaðeigandi opinberar stofnanir. Þessar athuganir skulu beinast að því, að gera sér grein fyrir kostnaði framkvæmdanna og þeim hagsbótum, sem af þeim leiða. Sérstaklega skal athuguð þýðing þeirra fyrir atvinnu á meðan þær standa yfir og þýðing þeirra fyrir framtíð atvinnulífs á staðnum. Þá skal kanna, hvernig þessar framkvæmdir geti á sem stytztum tíma skilað aftur því fjármagni, sem þær fá til ráðstöfunar, af venjulegum fjárveitingum, framlögum sveitarfélaga eða lánsfé.

Stefnt skal að því, að allar athuganir taki sem skemmstan tíma. Jafnframt skal í byrjun reynt að vinna úr umsóknum, þannig að athuganir séu látnar ganga fyrir um þær framkvæmdir, sem vænlegastar eru til skjóts árangurs til atvinnuaukningar.

Í sambandi við athuganirnar skal álits hlutaðeigandi atvinnuálanefndar aflað og umsóknir ræddar við hana eftir því, sem tilefni gefst til. Að athugunum loknum sé greinargerð um niðurstöður þeirra lögð fyrir Atvinnuálanefnd ríkisins og jafnframt send atvinnuálanefnd hlutaðeigandi kjördæmis. Atvinnuálanefnd ríkisins samþykkir ekki veitingu láns eða styrks, ef fyrir liggur neikvæð umsögn kjördæmanefndar.

3. Lán til atvinnufyrirtækja.

Í samræmi við megintilgang samkomulagsins frá 17. janúar 1969 skal Atvinnuálanefndin við ákvarðanir um lán og styrki til einstakra svæða og fyrirtækja fyrst og fremst miða við útrýmingu atvinnuleysis. Lán til atvinnufyrirtækja skulu veitt í þeim tilgangi að auka atvinnu í fyrirtækjum, sem nú eru starfrækt, hefja að nýju rekstur atvinnutækja, sem ekki hafa verið starfrækt að undanfögnu, og stuðla að útvegum nýrra atvinnutækja, þegar það á við. Lánin skulu veitt sem stofnlán vegna nýrra framkvæmda og meiriháttar endurbóta á tækjum og mannvirkjum og til að bæta fjárhagslega uppbyggingu fyrirtækja, þegar það er nauðsynlegt til að fyrirtækin geti aukið atvinnu í starfsemi sinni.

4. Lán til opinberra framkvæmda.

Yfirleitt skulu lán til atvinnufyrirtækja sitja í fyrirrúmi fyrir lánum til opinberra framkvæmda. Þó skal heimilt að veita slík lán, einkum þegar þau geta gert það kleift að hefja opinbera framkvæmd fyrir en ella, og hún veitir verulega atvinnu á staðnum. Jafnframt er þá æskilegt, að lán geti endurgreiðst tiltölulega fljótt af reglulegum framlögum til framkvæmdarinnar frá ríki eða sveitarfélagi eða af lánsfé, sem búast má við, að framkvæmdin geti fengið innan tíðar. Einkum kemur lánveiting til greina, ef endurgreiðslan getur farið fram þegar á árinu 1970, þannig

að féð verði aftur til ráðstöfunar, áður en starfstíma atvinnumálanefndanna lýkur. Jafnframt skal gerð sú krafa, að framkvæmdin veiti verulega atvinnu, og að hún hafi mikla þýðingu fyrir framtíð atvinnulífsins á staðnum.

Sem dæmi um opinberar framkvæmdir, er helzt koma til greina, má nefna hafnargerðir á stöðum, þar sem slæm hafnarskilyrði há atvinnulífinu. Einnig má nefna hitaveitu- og vatnsveituf framkvæmdir, er bæði skapa verulega atvinnu meðan þær eru í byggingu og betri skilyrði fyrir atvinnurekstur á staðnum í framtíðinni.

5. Veiting styrkja.

Þar sem gera verður ráð fyrir, að þær 300 millj. kr., sem ríkisstjórnin beitir sér fyrir að útvega, verði eingöngu eða að yfirgnæfandi hluta lánsfé, er varla unnt að gera ráð fyrir, að um styrkveitingar geti orðið að ræða af þessu fé. Á hinn bóginn getur verið nauðsynlegt, að Atvinnumálanefndin hafi yfir vissu fjármagni að ráða vegna styrkja, einkum í sambandi við tæknilegar athuganir og undirbúning og einnig e. t. v. í öðrum tilvikum. Getur Atvinnumálanefndin reynt að semja við stjórn Atvinnuöfnunarsjóðs um það, að í slíkum tilvikum veiti Atvinnuöfnunarsjóður samkvæmt tillögum Atvinnumálanefndar ríkisins styrki af þessu tagi af sínu eigin fé, eins og hann hefur heimild til í lögum, en að Atvinnumálanefndin í staðinn gefi Atvinnuöfnunarsjóði eftir til ráðstöfunar jafnháa upphæð af þeim 300 millj. kr., sem hún sjálf á að taka ákvarðanir um.

Styrkir skulu fyrst og fremst veittir vegna tæknilegra athugana og undirbúnings, en geta einnig komið til greina í öðrum og sérstökum tilvikum:

- a. Framlag til stofnkostnaðar fyrirtækis eða til starfandi fyrirtækis til að auka eigið fé þess. Slíkir styrkir skulu því aðeins veittir, að þeir séu óhjákvæmilegir til þess að skapa hlutaðeigandi fyrirtæki heilbrigðan fjárhagslegan grundvöll og þetta fyrirtæki hafi jafnframt mikla þýðingu fyrir atvinnulíf á staðnum.
- b. Tímabundnir rekstrarstyrkir. Eru hér hafðir í huga styrkir vegna sérstakra tímabundinna aðstæðna, er geta gert fyrirtækinu ókleift að halda áfram starfsemi, t. d. vegna þess, að flytja þarf að hráefni langa vegalengd um skeið, og fyrirtækinu sé um megn að standa undir þeim aukakostnaði.

6. Lánskjör.

Reglur um lánskjör er ekki unnt að setja á meðan ekki eru fyrir hendi upplýsingar um kjör þess ráðstöfunarfjár, sem aflað verður. Að svo miklu leyti, sem tók eru á, skal þó að því stefnt, að lánskjör verði svipuð og hjá Atvinnuöfnunarsjóði. Þó skulu lán ekki veitt til lengri tíma en eðlilegt getur talizt með tilliti til afkomu fyrirtækisins og úreldingar tækja. Veð og aðrar tryggingar skulu teknar í samræmi við reglur Atvinnuöfnunarsjóðs.

Stefnt skal að því, að lán til opinberra framkvæmda séu yfirleitt veitt til skamms tíma og endurgreiðist af venjulegum framlögum til framkvæmdarinnar frá ríkissjóði eða sveitarfélögum eða af lánsfé, sem aflað er með þeim hætti, sem yfirleitt tíðkast til framkvæmda af þessu tagi. Þó er einnig unnt að veita lán til opinberra framkvæmda til lengri tíma, ef framkvæmdin er þýðingarmikil frá þeim sjónarmiðum, sem hér að framan voru lögð, og ekki eru líkur til, að fjár til hennar verði aflað með öðru móti á næstunni.

7. Önnur atriði.

Um þau atriði, sem nefnd eru í 7. og 8. lið samkomulagsins, skal sá háttur hafður á, að þau séu tekin til umræðu í Atvinnumálanefndinni samkvæmt óskum hennar. Efnahagsstofnunin og aðrir aðilar geri athuganir og skýrslur um þau, og geri nefndinni grein fyrir þeim munnlega eða skriflega eftir því, sem ástæða er til hverju sinni.

8. Starfsemi atvinnumálanefnda kjördæmanna.

Atvinnumálanefndir kjördæmanna gerðu á fundum þeirra og Atvinnumálanefndar ríkisins 27.—29. janúar grein fyrir ástandi og horfum, í atvinnumálum hver á sínu starfssvæði og lögðu fram tillögur til Atvinnumálanefndar ríkisins um eflingu atvinnulífs og aukningu atvinnu. Nefndirnar gefa síðar að eigin frumkvæði eða að ósk Atvinnumálanefndar ríkisins frekari skýrslur um þróun atvinnumála á starfssvæðinu og leggja fram tillögur í þeim efnum, þegar ástæða er til. Þá skulu atvinnumálanefndirnar segja álit sitt um allar umsóknir um lán og styrki á sínu starfssvæði. Þær skulu einnig veita umsækjendum þá aðstoð við undirbúning umsókna, sem þær eru færar um, að veita og óskað er eftir. Þær geta einnig átt frumkvæði að því að hvetja fyrirtæki eða sveitarfélög að sækja um lán eða styrki. Æskilegt er, að sem nánast samband verði á milli formanna nefndanna og þeirra starfsmanna Atvinnuþróunarsjóðs og Efnahagsstofnunarinnar, sem að þessum málum starfa.